

SKÓLINN

OPNAR

DYR

OPIN NÁMSKYNNING Í LAUGARDALSHÖLL

FIMMTUDAGINN 12. MAÍ FRÁ KL. 11-16

Kynntu þér nýja námsmöguleika í framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum og fullorðinsfræðslu.

Ráðgjafar frá Vinnumálastofnun og skólunum aðstoða þig við að finna heppilegustu leiðirnar til að bæta menntun, auka hæfni þína og fjölga atvinnumöguleikum. Kynningin er opin öllum.

Menntun býr til betri framtíð!

Nám er vinnandi vegur byggir á tillögum frá samráðshóp ráðuneyta, allra þingflokka, aðila vinnumarkaðarins og hreyfinga námsmanna sem forsætisráðherra skipaði. Fjármögnun átaksins var tryggð með samráði ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins í tengslum við gerð kjarasamninga en í heild verða framlög til menntamála með áttakinu aukin um sjö milljarða króna næstu þrjú ár.

Framhaldsskólinn verður eflður og opnaður. Atvinnuleitendum verður gefið tækifæri til að mennta sig, sérstakur þróunarsjóður stofnaður til að efla starfstengt nám og samstarf skóla og fyrirtækja um starfstengt nám verður aukið. Lög um LÍN og framfærslukerfi námsmanna verða endurskoðuð, skil framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu verða gerð sveigjanlegri, námsráðgjöf eflur og vinnustaðánámssjóður styrktur.

Nám er vinnandi vegur byggir á því markmiði Íslands 2020 að hlutfall Íslendinga á aldrinum 20-66 ára sem ekki hafa lokið námi í framhaldsskóla fari úr 30% niður í 10% fyrir árið 2020.

OPNIR FRAMHALDSSKÓLAR

Með áttakinu verður mun auðveldara en áður að komast að í framhaldsskóla eftir námshlé. Haustið 2011 munu skólarnir taka inn alla umsækjendur undir 25 ára aldri sem uppfylla skilyrði, ásamt eldri umsækjendum sem hafa lokið raunfærnimati vorið 2011. Þannig gefast frábær tækifæri til að ljúka námi eða bæta við kunnáttu á ýmsum sviðum sem nýtast vel á vinnumarkaðnum.



SKÖPUN

Skapandi greinar verða sífellt mikilvægari í atvinnulífnum og nú eru ársverk í þeim geira nærri 10.000. Ný hugverk eru verðmæti, stórfín skemmtileg og þörfin fyrir skapandi starfskrafta mun halda áfram að aukast. Námsráðgjafar og skólar munu kynna námsleiðir og nýja möguleika á þessu sviði.



TÆKNI

Á næstu árum er áætlað að fjöldi nýrra starfa skapist ár hvert í verk- og tæknigeiranum. Aukin þörf fyrir starfsfólk með menntun og hæfni í verklegum greinum skapar spennandi tækifæri fyrir alla sem vilja bæta við grunnmenntun sína og bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Fjöldmörg námstækifæri á þessu sviði verða kynnt á námsstefnunni.



UMÖNNUN

Með hækkandi meðalaldri og sífellt betri aðbúnaði fjölga umönnunarstörfum ár frá ári. Eftirspurn eftir menntuðu starfsfólki er mikil og líklegt er að hún fari vaxandi næstu ár. Störf í þessum geira eru fjölbreytt og tækifærin mörg. Námsmöguleikar á framhalds- og háskólastigi verða kynntir auk ýmissa símenntunartækifæra.

1000 NÝ TÆKIFÆRI FYRIR ATVINNULEITENDUR

Með samstarfi skóla, stjórnvalda og atvinnulífs opnast nýir möguleikar fyrir atvinnuleitendur. Þeim sem uppfylla skilyrði gefst nú kostur á að stunda nám á haustönn án þess að greiða skólagjöld.

Markmiðið er að veita 1000 umsækjendum aðgang að framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum og framhaldsfræðslu – með óskertum atvinnuleysisbótum í eina önn.

Kynntu þér þína möguleika og leitaðu ráða hjá ráðgjöfum VMST og námsráðgjöfum skólanna á fimmtudaginn.

NÁM ER
VINNANDI
VEGUR